



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 142/9
komudagur 14.6.2013

Reykjavík 14. júní 2013.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, nr. 37/1992 og nr. 79/1997, 4. mál.

Sjómannasamband Íslands tekur ekki afstöðu varðandi I. kafla frumvarpsins er fjallar um stærðarmörk krókaflamarksbáta. Jafnframt gerir Sjómannasambandið ekki athugasemd við aðrar greinar kaflans er fjalla um strandveiðar fyrst þær veiðar eru leyfðar á annað borð.

Varðandi II. kafla frumvarpsins er Sjómannasamband Íslands sammála því sem fram kemur í 1. gr. reglugerðar nr. 470/2012 um að allar beinar veiðar á lúðu (hvítlúðu) séu bannaðar. Hins vegar er Sjómannasamband Íslands mótfallið því að lúða sem ekki er lífvænleg og því ekki hægt að sleppa sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 470/2012 skuli gerð upptæk eins og um ólögmætan afla sé að ræða. Sjómannasamband Íslands fer fram á að óhjákvæmilegur meðafli á lúðu verði ekki skilgreindur á þann hátt sem nú er gert, þ.e. að um ólögmætan afla sé að ræða. Sjómannasamband Íslands fer því fram á að í 7. gr. frumvarpsins komi skýrt fram að meðafli á lúðu teljist ekki ólögmætur afli í skilningi laga nr. 37/1992 um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

Sjómannasamband Íslands tekur undir þá breytingu sem felst í 8. gr. frumvarpsins á lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

Hólmgeir Jónsson